



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á ráðstefnu um einelti
3. mars 2017**

Góðir áheyrendur,

„Hún er aumingi, sagði stelpa með eldrautt hár og flissaði þegar vinina bar að. Selma horfði sljóum augum á hana og fór að kjökra. Hún grúfði sig niður og svo rak hún upp skrytnu hljóðin. Slefán rann niður á milli fótanna á henni, þar sem hún sat. – Hún slefar, svona stór, sagði önnur stelpa. Hún er aumingi sem slefar, sagði hún og allir krakkarnir hlógu. – Látiði hana vera, sagði Lárus reiður og sparkaði af öllum kröftum í rassinn á þeirri rauðhærðu. Hún fór að orga.“

Þessa lýsingu á einelti og stríðni má finna í einu meistaraverka Guðrúnar Helgadóttur um Jón Odd og Jón Bjarna, bækur sem ég las upp til agna í æsku minni. Kaflinn heitir „Barist fyrir hinum góða málstað og margir urðu sárir.“ Til að gera langa sögu stuttu fóru þeir bræður út að leika með Lárusi vini sínum og Selmu systur hans sem er með Downs-heilkenni; hún er vangefin eins og það hét á þeim tíma. Selmu er strítt, strákarnir koma henni til varnar, það brestur á með miklum bardaga og foreldrar blandast í leikinn, Soffía frænka sömuleiðis.

„Ég hefði átt að drepa hann,“ sagði Jón Bjarni þá um einn strákinn, en móðir þess drengs er á lengdar. „Þarna heyrirðu, sagði konan æst. Þetta er brjálað barn.“ – „Og þú ert brjáluð kelling, sagði Jón Bjarni.“

Í næsta kafla, „Uppgjöf saka“, eiga hinir fullorðnu frekar sviðið. Í samræðum þeirra og barnanna koma málavextir smám saman í ljós:

„Þú veist ósköp vel að þú átt ekki að segja það sem þú sagðir við konuna, sagði mamma ströng. – Hún sagði alveg það sama við mig, sagði Jón Bjarni og leit í gólfið. – Konan ók sér í stólnum. Hún sagði ekki neitt. – Meira kaffi? spurði Soffía hressilega. – Mamma horfði

vandræðaleg á son sinn. – Hún á líka að fræða börnin sín betur, sagði Jón Oddur til að hjálpa bróður sínum. Þá mundu þau ekki hrekkja Selmu. – Konan fór hjá sér. – Það er kannski nokkuð til í því, sagði hún loks.“

„Hún á líka að fræða börnin sín betur.“ Það er lykilsetning sögunnar. Einmitt þess vegna er þessi ráðstefna, „Einelti – leiðir til lausna“, mikið fagnaðarefni. Ég þakka námsbraut í tólmstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, sem stendur að henni. Ég þakka líka hinum erlendu sérfræðingum fyrir að helga sig þessu sviði og vilja koma hingað til lands.

Ráðstefnan er haldin í minningu Sigurðar Jónasar Guðmundssonar, sem lést á síðasta ári. Foreldrar hans, Þórunn Sigurðardóttir og Guðmundur Hálfðanarson, ákváðu að standa fyrir ráðstefnu til að minnst hans þar sem sérfræðingar á sviði forvarna gegn einelti segðu frá aðferðum sínum og rannsóknum. Kynntu þau hugmyndina fyrir Vöndu Sigurgeirsdóttur og Jakobi Frímanni Þorsteinssyni sem tóku að sér að skipuleggja viðburðinn. Vonast þau til að ráðstefnan auki vitund fólks um þetta erfiða samfélagsmein og verði til þess að efla rannsóknir á því hér á landi.

Góðir áheyrendur, fyrir nokkrum dögum fékk ég í heimsókn nokkra gamla kennara úr barnaskólanum mínum forðum daga. Í stuttu ávarpi rifjaði ég upp hvað mér hefði liðið vel hjá þeim, hversu góðar minningar ég ætti. Það er ekki alveg satt. Vissulega hef ég ekki undan neinu að kvarta, ég varð ekki fyrir einelti og ég tók ekki virkan þátt í því, var kennt að stríða ekki, uppnefna ekki. En ég varð vitni að einelti og ég hefði getað komið betur fram, ég hefði getað leikið oftast við einn skólabróður minn sem féll ekki alltaf nógu vel í hópinn. Ég hefði líka getað farið að fordæmi flotts stráks sem var vinsæll töffari, frábær íþróttamaður, og lét þau boð út ganga að menn skyldu sko ekki abbast upp á vin hans sem var dálítið öðruvísi en við hin – og hver er það nú ekki, þegar vel er að gáð. Við eigum að verja rétt barna til að vera þau sjálf, kenna þeim víðsýni og umburðarlyndi og ganga á undan með góðu fordæmi.

Okkur hefur orðið ágengt. Við eigum að fagna því. En einelti viðgengst enn og það gerist flóknara og margslungnara en það var um daga Jóns Odds og Jóns Bjarna. Því ræður tæknin meðal annars eins og verður eflaust rakið hér í dag. Kjarni málsins er samt óbreyttur: Einelti skemmir. Einelti er óþolandi. Einelti getur eyðilagt líf fólks. Við eigum að fræða börnin og unglíngana um þetta mein, eins og mamman í sögunni sá um síðir. Oft veitir hinum fullorðnu ekki heldur af uppfræðslu, og það stoðar ekki að sitja bara hjá. Munum lokaorð Tómasar Guðmundssonar í einu kvæða hans:

Því meðan til er böll sem bætt þú gast,
og barist var á meðan hjá þú sast,
er ólán heimsins einnig þér að kenna.